

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um gjaldfrelsi áfengra drykkja** 43  
sem ætlaðir eru til skipsforða. — Í brjefi ráðgjafans, 28. ágúst f. á., eruð þjer, herra 1. marz.  
landshöfðingi, beðnir um að hafa gætur á því, að ákvörðunin í tilskipun 26. febr. 1872,  
2. gr., um, að eigi þurfi að greiða aðflutningsgjald af áfengum drykkjum sem ætlaðir  
eru til forða handa skipshöfnunum sjálfum á skipum, sem koma til Íslands, verði eigi  
notuð til að svíkja landssjóðinn um aðflutningsgjald, og til þóknanlegrar leiðbeiningar  
skal, í sambandi við ofanefnt brjef, eigi látið hjá líða þjónustusamlega að gefa yður til  
vitundar, að það hefir hjer verið tekið til ihugunar, eptir gefnu tilefni frá Finsen lands-  
höfðingja, hvort eigi væri æskilegt að gefnar yrðu almennar reglur um það, hve mikið  
megi telja til skipsforða, og þannig flytjast ótollað til Íslands.

Ráðgjafinn verður þó að álíta, að eigi sje unnt að gefa almennar reglur um  
þetta efni, með því að sjálfsagt er, að eigi sje á það eitt lítið, hve stór skipshöfnin er,  
heldur einnig á það, hve lengi skipið er á leiðinni, og verður það því að vera komið  
undir dómi hlutaðeigandi tollheimtumanns, hvort sennilegt sje, eptir því sem á stendur  
fyrir hverju einstöku skipi, að hæfilega sje talið fram það sem það hefir meðferðis sem  
skipsforða. Til leiðbeiningar í þessu efni mun að líkindum mega nota ákvarðanir þær,  
um úthlutun á öli og öðrum áfengum drykkjum, sem innihaldast í reglugjörð 30. janúar  
1867 um aðbúnað skipshafna á dönskum kaupskipum, og til frekari leiðbeiningar skal  
því viðbætt, að ráðgjafanum hefir verið skýrt svo frá, að venjulegur forði af áfengum  
drykkjum handa skipum, sem fari til Íslands, sje fjórðungur potts af brennivíni um vik-  
una handa manni hverjum, auk þess sem úthlutað er skipshöfnum þegar mikið er  
starfað eða veður er illt. Til skips í Íslandsferðum, með 7 mönnum á, er farið hefir 2  
eða 3 ferðir á hjer um bil hálfum níunda mánuði, hefir hinn sami skipstjóri, sem gefið  
hefir ofangreinda skýrslu, sagt, að gengið hafi sem forði á ári hverju 120 pottar af  
brennivíni og 5 tunnur af skipsöli.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um sam-** 44  
**þykki til hækkunar á jafnaðarsjóðsgjaldi.** — Í þóknanlegu brjefi 12. f. m. hafið þjer, 21. marz.  
herra amtmaður, skýrt frá, að um leið og amtsráð norður og austuramtsins á fundi sín-  
um 19. desember f. á. samdi áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins á árinu 1883,  
hafi amtsráðið ákveðið að jafna skyldi niður 20 aurum á hvert lausafjárhundrað, þannig  
að jafnaðarsjóðsgjaldið alls næmi 5614 kr., en með því að þessi upphæð fer fram úr  
því, sem amtsráðinu er heimilt upp á sitt eindæmi að jafna niður, samkvæmt 56. gr.  
sveitastjórnarlaganna, þar sem meðalupphæð gjaldsins um 3 undanfarin ár, að viðbætt-  
um  $\frac{1}{4}$ , er 5032 kr. 7 a., hafið þjer fyrir hönd amtsráðsins leitað samþykkis míns til  
þessarar niðurföfnunar.

Út af þessu gefst yður til vitundar, að jeg hjermeð samkvæmt 56. gr. sveita-  
stjórnarlaganna veiti hið umbeðna samþykki.

**Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um greiðslu á laun-** 45  
**um hreppstjóra.** — Með brjefi dagsettu 16. f. m. hafið þjer, herra sýslumaður, sent 27. marz.  
mjer skrá yfir tölu þeirra búenda í hverjum hreppi í sýslu yðar, er, samkvæmt manntals-  
bók sýslunnar fyrir umliðið ár, bjuggu á jörð eða jarðarparti, sem metinn er til dýrleika  
eigi minna en 5 hundruð, sem og kvittanir frá 5 hreppstjórum í sýslunni fyrir launum